

Fiskeldi Austfjarða hf.
bt. Jónatan Þórðarson / Ólöf Rún Stefánsdóttir
Bakka 4
765 Djúpivogur

Reykjavík, 9. september 2019
UST201901-256/gf
08.12.02

Varðar reglubundið eftirlit 2019 - Fiskeldi Austfjarða - Berufjörður

Þann 4. júlí sl. fór fram eftirlit með starfsleyfi Fiskeldis Austfjarða hf. í Berufirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvö frávík frá kröfum í starfsleyfi komu fram við eftirlitið.


1. Frá gr. 5.1 í starfsleyfi. Uppfæra þarf vöktunaráætlun svo hún taki á öllum kröfum í greininni.
2. Frá gr. 2.5 í starfsleyfi. Gera skal áhættumat fyrir starfsemina (bráðamengun hafs og strandar) og byggja viðbragðsáætlun á áhættumatinu.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 1. október 2019.

Virðingarfyllst,



Gottskálk Friðgeirsson


Hulda Soffía Jónasdóttir

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaeldi

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Brottfallinn starfsleyfisflokkur:
Fiskeldi Austfjarða hf.	4.7.2019	Berufjörður	2
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
520412-0930	19. mars 2035	Já, 4.7.2019	Sjókvíaeldi

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	x			400 þúsund 250 g. seiði sett út á Glímeyrarsvæðinu í júní 2019 (2 kvíar), eru af GEN18 800 – 900 þúsund seiði sett út á Glímeyrarsvæðinu í september 2018, (8 kvíar) eru af GEN18 Slátrun stóra fisksins hefst í september nk.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	x			Nýtt starfsleyfi frá 19. mars sl. tekur eingöngu til eldis á laxi (frjóum og ófrjóum). Regnbogasilungur er því ekki lengur alinn í stöðinni.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	x			Nota FishTalk, Havbruksloggen og EQS gæðastjórnunarkerfið. Skráningar í samræmi við starfsleyfi. Aðskilja þarf skráningar til að auvela samantekt í grænt bókhald og ársyfirlit. Misræmis gætir í innsendum gögnum: Dauðfiskur er 182 tonn í ársyfirliti en 715 tonn í grænu bókhaldi. Í ársyfirliti rekstraraðila skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, þ.m.t. losun næringarefna.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?	x			Ársyfirlit fyrir 2018 barst 24. janúar sl. Gögn um losun fosfórs eru gefin upp í tonnum í ársyfirlitinu. Framvegis skal aðskilja gögn um stöðvarnar í Berufirði og Fáskrúðsfirði í árskýrslu eða skila tveimur árskýrslum.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	x			Skýrsla um grænt bókhald barst 13. mars sl. og útstreymisbókhald þann 4. apríl sl. Framvegis skal aðskilja gögn um stöðvarnar í Berufirði og Fáskrúðsfirði í grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi eða skila aðskildum skýrslum fyrir grænt bókhald og útstreymisbókhald.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaelði

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)		x		Viðbragðsáætlun dagsett 10. desember 2014 er í notkun hjá rekstraraðila. Samkvæmt kröfum í starfsleyfi skal gera áhættumat sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I B í lögum nr. 33/2004, lög um varnir gegn mengun hafs og stranda. Byggja skal viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar á niðurstöðum þessa áhættumats. Áhættumat sem viðbragðsáætlun byggir á hefur ekki borist Umhverfisstofnun og er það frávik frá kröfum í starfsleyfi. Áætlun um frágang vegna tíma- bundinnar eða varanlegrar rekstrarstöðvunar liggur fyrir.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			x	Ekki er krafa um samráðsfund í starfsleyfi.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	x			Tryggingamiðstöðin staðfesti að í gildi er ábyrgðartrygging.
Er neyðaráætlun til staðar?	x			Dauðfiskur fer í meltu en ef um er að ræða neyðarslátrun og/eða massadauði sem verður til þess að meltukerfið ræður ekki við magnið, þá í frystingu og nýtt í dýrafóður eða til urðunar (Fjörður í Lóni) ef hráefnið er skemmt eða sýkt. Uppfæra þarf tengiliði í neyðaráætlun.
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	x			Umhverfisstjórnunarkerfi er ekki krafa en æskilegt. Rekstraraðili hefur Aqua-Gap vottun á starfsemi sinni. Umhverfismarkmið eru í gæðahandbók. Mælanleg umhverfismarkmið eru æskileg í fiskeldi.
Stýring á fœðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	x			Notaður er tölvubúnaður sem stýrir fœðrun. Útreiknað fœðurmagn er afgreitt frá fœðurpramma sem hámarkar fœðurnýtingu.
Er skráning á losun fósórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	x			N og P skal útreiknuð út frá fœðurgjöf. Í ársyfirliti skal fjalla um losun sem kg/tonn af framleiddum fiski. Bæta þarf gögn um losun N og P í ársyfirlit. RORUM gerir á hverju ári efnamælingar í firðinum.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaelði

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Hvernig er fylgst með uppsöfnun fóðurleifa – þarf að fylgjast með? Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu?	x			Með vöktun í firðinum. Mjög snyrtilegt og engin brák né fuglager.
Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi?	x			Sjókvíaelðissvæði A – Glímeyri (Glímeyri, Svarthamar og Svarthamarsvík) Sjókvíaelðissvæði B – Hamraborg (Hamraborg I og Hamraborg II) Kvíar eru allar á svæði A, innan hnita sem uppgefin eru í starfsleyfi.
Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?	x			10 kvíar í notkun á Glímeyri ekkert annarsstaðar. Sjá að ofan um áætlað magn.
Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?				September 2019 Slátrað verður hjá Búlandstindi ehf. á Djúpavogi. Sláturhúsið heyrir ekki undir starfsleyfi Fiskeldis Austfjarða hf. Ágúst og september.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka?	x			RORUM mælir N og P í sjósýnum auk TOC í botnseti. Vöktunarskýrsla skal berast fyrir 1. des. ár hvert.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	x			Funi ehf. er verktaki við meðhöndlun úrgangs. Dauðfiskur er settur í meltu um borð í fóðurpramma félagsins.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?		x		Í starfsleyfi er krafa um vöktun á dreifingu mengunarefna og áhrif mengunarinnar á dýralíf. Mæla þarf eðlisefnafræðilega þætti og skoða uppsöfnun á sjávarbotni og í skýrslunni skal ræða, og túlka (meta) umhverfisáhrif fiskeldisins. Í vöktunaráætluninni, dags. 29.05.2018, eru tvö eldissvæði tilgreind í sýnatökuáætlun og nefnd svæði 1A og 1B en engin tenging er við Fáskrúðsfjörð og/eða Berufjörð. Uppfæra þarf sýnatökuáætlun í vöktunaráætluninni og þarf hún að taka til vistfræðilegra áhrifa af eldinu þ.m.t. áhrif á kalkþörungum og fuglalíf.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaldi

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.		x		Upplýsingar fyrir 2018 bárust 23. janúar 2019 í skýrslu RORUM: Yfirlit efnamælinga við Svarthamar og Glímeyri dagsett frá 10. janúar 2019. Sjá athugasemdir hér að ofan.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			x	
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	x			2019 Efnamælingar í sjó og TOC í botnseti Já RORUM

Niðurstöður síðasta eftirlits:


Tvö frávik komu fram í eftirliti ársins 2018 (MAST) og hefur þeim báðum verið lokað.

Samantekt:	Farið var yfir breytingar á kröfum í reglugerðum og hvaða áhrif það getur haft á tíðni eftirlita stofnunarinnar (kerfisbundið mat á áhættu af starfsemi). Farið var yfir nýtt starfsleyfi, frá 19. mars 2019 og kröfur sem það setur. Nú er bara lax í stöðinni en seiði voru sett í hana í september 2018 (2 kvíar). Seiði voru aftur sett í stöðina í júlí 2019 (8 kvíar) og eru öll seiðin af GEN18 kynslóð. Slátrun eldri fisksins mun hefjast í september nk. Hvíla skal eldissvæði í 9 – 12 mánuði á milli eldislota. Vöktun svæðanna er hafin og skv. vöktunaráætlun mun vöktunarskýrsla berast fyrir 1. des. ár hvert. Sérstakur fulltrúi rekstraraðila er Jónatan Þórðarson. Áætlanir sem krafist er hafa skilað sér en uppfærsla (endurskoðun) áætlana þarf að fara fram og ágætt er að setja útgáfunúmer og dagsetningar á uppfærðar áætlanir. Skráningar á eftirlitsþáttum er færðar í tölvukerfi rekstraraðila og unnið upp úr þeim gögnum skýrslur sem skila ber. Notast er við tölvukerfin FishTalk, Havbruksloggen og EQS við skráningar. Farið var yfir gögn um innkaup og notkun mengandi efna. Engin lyf eru notuð í eldinu. Úrgangur er flokkaður í gáma við höfnina á Djúpavogi og verktaki við flutninga á úrgangi Funi ehf. Urðun úrgangs fer fram á urðunarstað Sorpstöðvar Hornafjarðar að Mel í landi Fjarðar. Allur búnaður virkaði nýr og heillegur og starfsfólk vel að sér um málefni fiskeldisstöðvarinnar. Tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi voru skráð. 1. Vinna skal áhættumat (sjá grein 2.5 í starfsleyfi) sem að lámarki tekur á eftirfarandi þáttum: a. Magn hættulegra efna sem notuð eru í starfsemi. b. Eðli og verkan þeirra hættulegu efna sem notuð eru í starfsemi. c. Fjarlægð starfseminnar frá sjó. d. Hugsanleg áhrif bráðamengunar, m.a. með tilliti til viðtaka. e. Aðrar ábyrgðartryggingar og umfang þeirra.
-------------------	---

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíældi

	2. Vakta skal dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar, s.s. varðandi kalkþörungum og fuglalíf. Meta skal umhverfisástand sjávarbotns. Engin túlkun (mat) er á niðurstöðum efnamælinga (vöktunarmælinga) sem bárust í janúar sl. Uppfæra þarf vöktunaráætlun, samræma dagsetningar og bæta við sýnatökuáætlun fyrir bæði eldissvæðin. Auka þarf umfjöllun og túlkun niðurstaðna og leggja mat á áhrif eldisins á fjörðinn. Rekstraraðila er bent á hagræði þess að setja dagsetningar og útgáfunúmer á útgefnar áætlanir sem notaðar eru.
Annað:	Bæklingur um mælanleg umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu. Eftirlitsmenn Umhverfisstofnunar voru Hulda Soffía Jónasdóttir og Gottskálk Friðgeirsson.

Undirskrift eftirlitsmanns:



EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldi Austfjarða hf. Berufjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	4.7.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Fiskeldi Austfjarða hf.	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Vörðu	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5204120930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jónatan Þórðarson	ÍSAT nr.	03.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Ólöf Rún Stefánsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávík frá kröfum í starfsleyfi fundust við eftirlit.

Bent var á það í eftirlitinu að þegar áætlanir eru uppfærðar til þess að taka mið af breytingum í starfseminni (viðbragðsáætlun, vöktunaráætlun, neyðaráætlun, áætlun um frágang vegna tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar reksturs) þá séu settar á þær útgáfunúmer og dagsetning.

Bent er á að skila gildi fyrir fosfór í kg /tonn framleiddan fisk

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit í Fiskeldi Austurlands í Berufirði fór fram 4. júlí sl. Eftirlitið hófst á fundi á skrifstofum fyrirtækisins á Djúpavogi en síðan var farið í skoðun út í fóðurpramma og kvíar við Glímeysri. Jónatan Þórðarson og Ólöf Rún Stefánsdóttir voru fulltrúar rekstraraðila og Hulda Soffía Jónasdóttir og Gottskálf Friðgeirsson voru eftirlitsmenn Umhverfisstofnunar.

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila er Jónatan Þórðarson.

1. Staða mála vegna fyrri eftirlita

Engin mál eru óafgreidd vegna fyrri eftirlita Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar.

2. Áhættumat til ákvörðunar tíðni eftirlita framvegis

Farið var yfir breytingar á reglugerðum og hvaða áhrif kröfur í þeim geta haft á tíðni eftirlita stofnunarinnar (kerfisbundið mat á áhættu af starfseminni).

3. Kröfur í nýju starfsleyfi

Farið var yfir nýtt starfsleyfi, frá 19. mars 2019 og kröfur sem það setur.

Áætlanir sem krafist er hafa skilað sér en uppfærsla (endurskoðun) áætlana þarf að fara fram og ágætt er að setja útgáfunúmer og dagsetningar á uppfærðar áætlanir. Skráningar á eftirlitsþáttum er færðar í tölvukerfi rekstraraðila og unnið upp úr þeim gögnum þegar skila á þeim skýrslum sem krafist er. Notast er við tölvukerfin FishTalk, Havbruksloggen og EQS við skráningar.

Farið var yfir gögn um innkaup og notkun mengandi efna. Engin lyf eru notuð í eldinu.

4. Úrgangsmál

Úrgangur er flokkaður við höfnina á Djúpavogi og verktaki við flutninga á úrgangi er Funi ehf. Urðun úrgangs fer fram á urðunarstað Sorpstöðvar Hornafjarðar að Mel í landi Fjarðar (í Lóni).

5. Útsetning, slátrun og hvíld svæða

Nú er bara lax í stöðinni en seiði voru sett í hana í september 2018 (2 kvíar). Seiði voru aftur sett í stöðina í júlí 2019 (8 kvíar) og eru öll seiðin af GEN18 kynslóð. Slátrun eldri fisksins mun hefjast í september nk.

Hvíla skal eldissvæði í 9 – 12 mánuði á milli eldislota.

6. Vöktun

Vöktun svæðanna til samræmis við kröfur í nýju starfsleyfi er hafin og mun vöktunarskýrsla berast fyrir 1. des. ár hvert. Uppfæra þarf vöktunaráætlun og mat (túlkun) gagna þarf að vera aukið í vöktunarskýrslum. Skýrslur skulu taka á dreifingu mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar s.s. á kalkþörungum og fuglalíf. Meta skal umhverfisástand sjávarbotns.

7. Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi

Umhverfismarkmið liggja fyrir í gæðahandbók og unnið er að koma á fót umhverfisstjórnunarkerfi.

8. Skoðun

Allur búnaður virkaði sem nýr og var heillegur.

Starfsfólk var vel að sér um málefni fiskeldisstöðvarinnar.

Frávik frá**Lýsing á fráviki****grein 2.5 í í starfsleyfi**

Vinna skal viðbragðsáætlun út frá áhættumati fyrir starfsemina sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I B í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

ákvæði í grein 5.1 í starfsleyfi

Vakta skal dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar, s.s. varðandi kalkþörung og fuglalíf. Meta skal umhverfisástand sjávarbotns. Engin túlkun (mat) er á niðurstöðum efnamælinga (vöktunarmælinga) sem bárust í janúar sl.

ÁBENDINGAR

Bent var á það í eftirlitinu að þegar áætlanir eru uppfærðar til þess að taka mið af breytingum í starfseminni (viðbragðsáætlun, vöktunaráætlun, neyðaráætlun, áætlun um frágang vegna tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar reksturs) þá séu settar á þær útgáfunúmer og dagsetning.

ANNAÐ

Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 09.09.2019



Gottskálk Friðgeirsson